

Dalvíkurbyggð
María Markúsdóttir

620

Garðabær, 29. júlí 2025
202506-0133/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008–2020- Landeldi norðan Hauganess.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Dalvíkurbyggðar vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008–2020 og nýtt deiliskipulag athafnasvæðis eldisstöðvar norðan Hauganess sem barst Náttúruverndarstofnun 25. júní 2025. Í skipulagslýsingunni kemur fram að Laxós ehf. hyggist reisa matfiskaeldisstöð á landi norðan Hauganess, ásamt viðlegumannvirkjum, veltengingu, vatnslögnum og umfangsmikilli landmótun. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði tilkynnt Skipulagsstofnun til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lögum nr. 111/2021. Framkvæmdin felur í sér mótun allt að 16 ha athafnasvæðis norðan Hauganess, þar af 6,4 ha landfyllingu í sjó, og byggingu eldisstöðvar með 240.000 m³ eldisrými fyrir lax og/eða urriða. Heildarframleiðsla er áætluð um 22.000 tonn af slægðum fiski á ári. Um er að ræða lítt raskað strandsvæði þar sem samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru skráðar vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi, m.a. víðikjarr, starungsmýrarvist og snarrótarvist. Ekki eru skráð friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá innan skipulagssvæðisins. Í skipulagslýsingu er gert ráð fyrir mótvaegisaðgerðum, s.s. uppgræðslu og aðlögun að landslagi, en nánari útfærsla liggur ekki fyrir á þessu stigi.

Umhverfismat

Náttúruverndarstofnun bendir á að við áframhaldandi vinnu við skipulagstillögur og/eða við mat á framkvæmd sé nauðsynlegt að leggja mat á nokkra umhverfisþætti sem ekki er fjallað um í fyrirbyggjandi skipulagslýsingu, en sem kunna að hafa veruleg áhrif á strandsvæði og vistkerfi.

Í fyrsta lagi telur stofnunin mikilvægt að metin verði áhrif landfyllingar og viðlegumannvirkja á lífríki sjávar og strandsvæðis. Þá þarf jafnframt að greina hugsanleg áhrif affallsvatns og frárennslis á næringarefnabúskap og lífríki í sjó og landi.

Í öðru lagi bendir stofnunin á að áhrif á hljóðvist, sjónræna ásýnd og ljósmengun þurfi að meta sérstaklega, þar sem umfangsmikil mannvirki, fyllingar og starfsemi geta haft áhrif á nálæga byggð á Hauganesi og útivistarsvæði við ströndina.

Einnig þarf að greina áhrif aukinnar umferðar, bæði á framkvæmdatíma og í rekstri stöðvarinnar. Hér undir falla flutningar á byggingarefnum, fóðri, fiski og afurðum, sem og afleidd umferð vegna starfsmanna og þjónustu.

Áhrif á vistgerðir og náttúruvernd

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið norðan Hauganess sé óbyggt gróið land, að hluta framræst, með sjávarbakka og klettanefi. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands

eru þar vistgerðir með hátt verndargildi, s.s. víðikjarr (mjög hátt verndargildi), starungsmýrarvist, snarrótarvist og língresis- og vingulsvist (hátt verndargildi). Þá kemur einnig fram að upplýsingar vistgerðakorts séu birtar með fyrirvara um ónákvæmni.

Náttúruverndarstofnun bendir á að ekki liggi fyrir nákvæm skráning eða vettvangsgreining á útbreiðslu vistgerða innan athafnasvæðisins. Því er nauðsynlegt að unnin verði vistgerðagreining á staðnum áður en tekin er afstaða til skipulagstillögu. Sérstaklega er mikilvægt að greina hvort og í hve miklum mæli fyrirhugað rask, s.s. efnistaka og landfylling, nái til vistgerða með hátt verndargildi. Slík greining er forsenda þess að hægt sé að skilgreina nauðsynlegar mótvægisáðgerðir, svo sem landmótun sem fellur að aðliggjandi gróðurfari, uppgræðslu og mögulega endurheimt raskaðra svæða. Auk þess þarf að fjalla um eftir þá greiningu hvort að innan skipulagssvæðisins séu vistgerðir sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Ekki er fjallað sérstaklega um fuglalíf í skipulagslýsingunni, hvorki á landi né við sjó.

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdasvæðisins geta verið mikilvæg búsvæði mófugla og varpsvæða ýmissa tegunda. Þá geta svæði með nálægð við klettanef, fjöru eða grjótbót, líkt og við Stóranef, haft gildi fyrir varp eða fæðuöflun sjófugla. Í ljósi þessa er brýnt að unnið verði mat á fuglalífi og búsvæðum fugla innan og við athafnasvæðið áður en skipulagstillögur verða lagðar fram. Sérstaklega ber að skoða hvort svæðið hýsi tegundir sem eru á válista, auk þess geta verið varpfuglar sem eru ábyrgðartegundir Íslands eða njóta sérstakrar verndar samkvæmt reglugerð um fugla og fuglavernd.

Landslag, ásynd og landmótun

Í greinargerð kemur fram að athafnasvæðið verði mótað með landfyllingu og skeringu inn í landið, þannig að flatt svæði verði til í um 3 m hæð yfir sjávarmáli. Grjótnargarður verði reistur með hæð upp í 5 m.y.s., og bót eldiskerja verði á um 1 m.y.s. Efnistaka fer fram innan svæðis, en hugsanlega einnig utan þess. Þá kemur fram að gert sé ráð fyrir því að landmótun falli vel að landslagi og að settir verði skilmálar í deiliskipulagi um frágang og aðlögun.

Náttúruverndarstofnun bendir á að mótun landsins norðan Hauganess getur haft veruleg áhrif á ásynd strandsvæðisins. Svæðið hefur fram til þessa verið opið, óbyggt gróið land með lítt röskuðum strandbakka og sérstæðu klettanefi (Stóranefi). Landfyllingar, grjótnargarðar og háreist mannvirki tengd eldisrekstri munu óhjákvæmilega raska þeirri heildarmynd sem nú einkennir svæðið og draga úr landslagsheild og ósnortnu útsýni í norðurátt frá byggðinni.

Í ljósi þessa telur stofnunin mikilvægt að fram fari sjálfstætt mat á sjónrænum áhrifum og ásynd framkvæmdarinnar sem hluti af umhverfismati áætlunar eða framkvæmdar. Slíkt mat ætti að taka tillit til hæðar mannvirkja, útlits og efniviðar, staðsetningar í landinu og sjónlína frá nálægri byggð og útivistarsvæðum. Þá er mikilvægt að mótvægisáðgerðir, s.s. skjólbeltar, aðlögun að núverandi gróðurfari og mótun jaðra, verði útfærðar með það að markmiði að draga eins og kostur er úr áhrifum á landslag og ásynd svæðisins.

Framangreint mat og útfærslur á mótvægisáðgerðum eru nauðsynlegar í ljósi 69. gr.

náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem kveðið er á um að gæta skuli varúðar við uppbyggingu mannvirkja og framkvæmdir á náttúrulegum svæðum, með það að markmiði að varðveita ásynd lands og sjónræna heild náttúrulegra svæða.

Vatn

Náttúruverndarstofnun bendir á ákvæði 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála sem kveður m.a. á um að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í [vatnaáætlun](#). Stofnunin telur mikilvægt að

skipulagið taki mið af vatnáætlun og ofangreindum lögum. Umhverfis- og orkustofnun hefur unnið leiðbeiningar um gerð áhrifamats áætlana á vatnshlot svæðisins.

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Ingibjörg Marta Bjarnadóttir

sérfræðingur